

Viðburða- og menningardagskrá í Sveitarfélaginu Árborg 2014

APRÍL

11. apríl – 22. apríl - Lesið í lauginni

Yfir páskahátíðina vinna bókasöfnin og sundlaugarnar saman að verkefninu „Ljóð í lauginni“. Það er Bókasafn Árborgar á Selfossi og Sundhöll Selfoss og Bókasafn Árborgar á Stokkseyri og Sundlaug Stokkseyrar sem bjóða sundlaugargestum upp á ljóð og lesmál. Upplýsingar á www.arborg.is.

24. apríl – Sumardagurinn fyrsti

Skrúðganga, leikir og skemmtun í anda skátanna. Eftir skruðgöngu fer dagskrá fram í og við skátaheimilið að Tryggvagötu 36. Kaffi, kakó og meðlæti til sölu. Nánari upplýsingar og dagskrá á www.arborg.is.

24. – 27. apríl - Vor í Árborg

Vor í Árborg er menningarhátíð sem haldin er af Sveitarfélaginu Árborg. Tónleikar í öllum byggðarkjörnum, ljósmyndasýningar, opin hús, myndlist og fjöldi annarra viðburða er í gangi alla helgina auk fjölskylduleiksins „Gaman saman sem fjölskylda“. Gaman Saman leikurinn er stimpilleikur þar sem yngri kynslóðin fær vegabréf með viðburðum sem hægt er að heimsækja yfir helgina og fá stimpil fyrir. Vegabréfinu er síðan skilað inn og heppnir þátttakendur fá veglega vinninga. Nánari upplýsingar um dagskrá og viðburði er að finna á www.arborg.is en dagskrá verður einnig borin í hús í sveitarfélaginu.

MAÍ

1.maí Verkalýðsdagurinn

Fjölbreytt fjölskyldudagskrá í boði verkalýðsfélaganna frá kl. 11:00. Nánar á www.foss.bsrb.is

3. maí 2014 Sunnlenski sveitadagurinn

Jötunn vélar og Vélaverkstæði Þóris á Selfossi halda Sunnlenska sveitadaginn í sjötta sinn. Kynning á búvélum og matarframleiðslu í sveitum. Hægt að kynna dýrunum í sveitinni og sjá fjölda skemmtilegra viðburða sem henta allri fjölskyldunni. Nánari upplýsingar á www.jotunn.is.

17. maí 2014 Flugdagur á Selfossi

Flugklúbbur Selfoss fagnar 40 ára afmæli sínu um þessar mundir og af því tilefni er slegið til flugdags á Selfossi. Boðið verður uppá flugsýningu, listflug, útsýnisflug, myndasýningu o.fl.

JÚNÍ

1. júní – Hálandaleikar á Selfossi

Hálandaleikar haldnir í Sigtúnsgarðinum á Selfossi sunnudaginn 1.júní. Aflraunamenn frá fjölmörgum löndum etja kappi í ekta skoskum hálandaleikum. Einstök skosk stemming. Nánar á www.arborg.is.

1. júní - Sjómanna dagurinn

Sjómanna dagurinn haldinn hátíðlegur á Eyrarbakka og Stokkseyri. Fjölmargir skemmtilegir

viðburðir verða á dagskrá. Nánari upplýsingar eru á www.arborg.is, www.stokkseyri.is og á www.eyrarakki.is.

13. – 15. júní - Kótelettan 2014

Bæjar-, fjölskyldu- og tónlistarhátíð sem haldinn er af EB kerfum. Ein af stærstu hátíðum sumarsins þar sem Selfoss tekur á móti gestum og býður uppá fjölbreytta skemmtidagskrá.

Sigtúnsgarðinum á Selfossi er breytt í risastórt sýninga- og skemmtanasvæði þar sem barnadagskrá og tónleikar fara fram á sviðinu og kynningar frá framleiðslufyrirtækjum eru um allt svæði. Pylsur, kótelettur, hamborgarar, nauta-, lamba- og svínakjöt fyrir alla að smakka. Stórtónleikar fara síðan fram á risasviði við Hvíta húsið á föstudags- og laugar dagskvöldinu. Nánari upplýsingar á www.kotelettan.is.

17. júní í Árborg 2014

17. júní haldin hátíðlegur í Árborg. Skipulagðar skemmtanir eru á Selfossi og á Eyrarbakka. Nánari upplýsingar á www.arborg.is, www.stokkseyri.is og www.eyrarakki.is.

21. júní - Jónsmessuhátíðin á Eyrarbakka

Jónsmessuhátíðin er haldin á Eyrarbakka í kringum Jónsmessuna ár hvert. Fjölbreytt dagskrá í gangi, varðeldur, söngur og fl. Nánari upplýsingar á www.arborg.is og www.eyrarakki.is.

20. – 22. júní - Landsmót fornbílaklúbbs Íslands

Landsmót Fornbílaklúbbs Íslands verður nú haldið í ellefta sinn á Gesthúsasvæðinu, Selfossi. Bílasýning á laugardeginum 21. júní (ókeypis inn á svæðið), bílaleikir og fl. á sunnudeginum. Allir velkomnir að mæta með sína eldri bíla/tæki og taka þátt í skemmtilegu móti. Nánar á www.fornbill.is.

JÚLÍ

13. júlí – Safnadagurinn

Íslenski safnadagurinn haldinn hátíðlegur í sveitarfélaginu. Nánari dagskrá á www.arborg.is

18. – 20. júlí – Bryggjuhátíð á Stokkseyri

Bryggjuhátíðin “brú til brottfluttra” er haldin á Stokkseyri. Varðeldur og bryggjusöngur ásamt fjölbreyttri fjölskyldudagskrá. Nánari upplýsingar um hátíðina eru á www.arborg.is og www.stokkseyri.is.

26. – 27. júlí – Stefnumót við Múlatorg

Fyrirtækin við Múlatorg á Selfossi bjóða upp á fjölbreyttar uppákomur yfir daginn. Nánari upplýsingar verða á www.rit.is og www.arborg.is.

ÁGÚST

7. - 10. ágúst - Sumar á Selfossi og Delludagur

Sumar á Selfossi er rótgróinn bæjar- og fjölskylduhátíð. Tónleikar á fim.- og föstudagskvöld. Morgunverður, varðeldur og sléttusöngur ásamt fjölda viðburða og skemmtilegra leikja á laugardeginum. Bærinn skreyttur hátt og lágt en hverfunum á Selfossi er skipt eftir litum. Bifreiðaklúbbur Suðurlands ásamt fleiri aksturklúbbum verður í samstarfi við Sumar á Selfossi þessa helgi og stendur fyrir skemmtilegum Delludegi á sunnudeginum. Boðið verður

uppá spólsýningu og svo geta áhugasamir reynt fyrir sér í drullupyttinum. Allar upplýsingar um dagskrá hátíðanna verða á www.arborg.is.

8. - 10. ágúst - Meistaradeild Olís á Selfossi

Knattspyrnudeild Selfoss heldur knattspyrnumótið Meistaradeild Olís í áttunda skipti í sumar á nýju glæsilegu vallarsvæði. Mótið fer fram á Selfossi og er ætlað fyrir stráka í 5. flokki. www.olismot.is.

9. ágúst - Brúarhlaupið á Selfossi

Brúarhlaupið verður haldið í fyrsta skipti í ágúst þetta árið í tengslum við Sumar á Selfossi en laugardaginn 9.ágúst verða keppendur ræstir af Ölfusárbrú í . Frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss heldur hlaupið og er hægt að nálgast allar frekari upplýsingar á www.umfs.is og www.hlaup.is.

9. ágúst - Aldamótahátíð á Eyrarbakka

Hestar, kindur, geitur og hænur, menn, konur og börn bjóða ykkur velkomin á hina árlegu þorpshátíð sem haldin verður á Eyrarbakka. Íbúar og gestir klæða sig upp á í anda aldamótanna 1900. Allar nánari upplýsingar um hátíðina verða á www.arborg.is og á www.eyrarakki.is.

10. ágúst – Veiðidagur fjölskyldunnar í Ölfusá

Stangveiðifélag Selfoss heldur veiðidag fjölskyldunnar á hverju ári en þá getur fjölskyldan mætt og veitt í Ölfusá án endurgjalds. Frábært tækifæri fyrir alla til að koma og veiða sem og kynnst þessu frábæra veiðisvæði sem Ölfusáin er. Nánar á www.svfs.is.

OKTÓBER

Menningarmánuðurinn október haldinn hátíðlegur í Árborg

Fjölbreyttir menningarviðburðir haldnir allan mánuðinn. Nánari upplýsingar verða á www.arborg.is

Nóvember

1. – 3. nóvember - Safnahelgi á Suðurlandi

Fjölbreyttir menningarviðburðir í gangi um allt Suðurland, www.sunnanmenning.is.

13. nóvember - Jólaljósinn kveikt í Árborg

Yngsta afmælisbarn dagsins í Árborg kveikir á jólaljósunum fyrir framan Bókasafn Árborgar á Selfossi. Skátafélagið Fossbúar býður upp á heitt kakó. Nánar á www.arborg.is.

22. nóvember - Jólatorgið opnar á Selfossi

Jólatorgið opnar í Sigtúnsgarðinum á Selfossi. Á jólatorginu er markaðs- og fjölskyldustemning allar helgar fram að jólum en boðið er upp á fjölbreytta viðburði á opnunartímum. Nánari upplýsingar www.arborg.is og á facebook – Jól í Árborg.

DESEMBER

1. desember – Fyrsti jólaglugginn opnaður

Fyrsti jólaglugginn opnaður en einn er opnaður á dag fram að jólum. Í hverjum glugga er stafur sem þarf að finna og setja á sérstakt lausnablað til að leysa jólagátunu. Skemmtilegur leikur fyrir yngri kynslóðina en síðan er lausnarblaðinu skilað inn og nokkrir vinningshafar dregnir út.

13. desember - Jólasveinarnir koma úr Ingólfsfjalli

Jólasveinarnir koma á Jólatorgið úr Ingólfsfjalli, heilsa upp á gesti og syngja jólalög eins og þeim einum er lagið. Boðið upp á kakó að drekka og jólatorgið opið.